

Upplýsingar fyrir sjúkling

LYFJAGJÖF UNDIR HÚÐ Í HEIMAHÚSI

SO♥CONNECT+

Sjúklingaaðlöguð
flytjanleg lyfjadæla



nordic
INFUcare

Meðferð í heimahúsi til að létta þér lífið

Í þessum bæklingi færðu að vita hvernig þú getur séð um eigin lyfjagjöf undir húð heima hjá þér. Að fá lyfið þitt undir húð þýðir að lyfið berist til líkamans með fitu undir húð. Meðferð undir húð er örugg og vel sönnuð aðferð. Meirihluti fólks sem til dæmis fær immúnóglóbúlín (mótefnaðferð) reyndust hafa aukin lífsgæði við meðferð í heimaumhverfi.

Meðferð með innrennsli undir húð er hægt að fá við ýmis sjúkdómsástand. Með því að fá lyfið þitt með lítilli og léttri lyfjadælu í heimahúsi losnar þú við truflanir á daglegum venjum og þarft ekki að laga þig að dagskrá og verklagsreglum sjúkrahússins.

Það getur tekið svolítinn tíma að venjast þessu en á heilsugæslustöðinni getur þú fengið aðstoð við að læra réttu handtökin. Hjúkrunarfræðingur mun ævinlega aðstoða þig við fyrstu skrefin.

Þegar heim er komið getur þú séð um lyfjagjöfina á þeim tímum dagsins sem henta þér og öðrum á heimilinu best. Dælan er lítil og létt og því er auðvelt að nota hana til að taka lyfið á ferðalögum í skólanum eða í vinnunni.

Ef þú hefur spurningar varðandi meðferðina skaltu hafa samband við hjúkrunarfræðinginn eða lækninn þinn.

Í þessa möppu geturðu skrifað spurningar þínar niður fyrir næstu sjúkrahúsheimsókn.

EFNISYFIRLIT

SVONA ER BEST AÐ BYRJA

5

ÞEGAR BARN ÞARF LYFJAMEDFERÐ

7



GOTT AÐ VITA UM SO♥CONNECT+ LYFJADÆLU

8

ALGENGAR SPURNINGAR OG ORÐALISTI

10





Svona er best að byrja

Þegar þú byrjar meðferð í heimahúsi færðu leiðbeiningar og þjálfun á heilsugæslustöðinni þinni. Hjúkrunarfræðingurinn leiðbeinir þér gegnum hvert skref í ferlinu. Þegar þú hefur náð öryggi getur þú haldið lyfjagjöfinni áfram á þínu eigin heimili.

Þegar meðferð í heimahúsi hefst er ferlið sem hér segir

- 1** Þú færð fræðslu og stuðning til að þú getir gefið þér lyfið af öryggi. Fyrstu lyfjagjafirnar fara alltaf fram á spítalanum og með aðstoð hjúkrunarfræðings.
- 2** Þú ákveður, í samráði við hjúkrunarfræðinginn, hvenær meðferð í heimahúsi getur hafist og hvernig skal framkvæma hana. Þið finnið út í sameiningu hvaða hjálpartæki, t.d. lyfjadæla og innrennslissett, henta þér best.
- 3** Læknirinn skrifar lyfjaávisun fyrir lyfinu og hjálpartækjunum sem þú þarft að nota. Þú færð einnig fyrirmæli um skammtastærð lyfsins og tíðni lyfjagjafarinnar. Lyfið er pantað og sótt í apótekið.
- 4** Hjúkrunarfræðingurinn á sjúkrahúsinu lætur þig fá litla og létta lyfjadælu. Innrennslissett, sprautur og aðrar rekstrarvörur eru pantaðar og sóttar í apótek.

Öll sjúkrahús hafa eigin verklagsreglur þegar hefja á meðferð í heimahúsi og fyrir heimavítjanir.

ATHUGIÐ:



ER LYFJAGJÖFIN ÓÞÆGILEG?

Reynslan er einstaklingsbundin og þú gætir fengið deyfismyrsl. Þegar lyfið berst inn í fitulagið undir húðinni getur myndast hnútur og roði á svæðinu. Þetta er ekkert hættulegt og gengur til baka á nokkrum dögum.

Eftir fyrstu lyfjagjafirnar verður meðferðin hluti af daglegu lífi þínu og óþægindi sem kunna að gera vart við sig minnka.

Pegar barn þarf lyfjameðferð

Pegar barn þarf langvarandi lyfjameðferð hefur það áhrif á alla í fjölskyldunni. Með því að gefa barninu lyf heima þarftu ekki að vera jafn oft á sjúkrahúsi³. Með lyfjagjöf í heimahúsi undir umsjón fullorðins einstaklings sem barnið treystir upplifir barnið öryggi og nánd og lifir eðlilegra lífi.

Kostirnir við að geta verið heima er að það verður engin truflun á venjulegu heimilislífi, leik, skóla eða tómstundum, ekki heldur þá daga sem lyfjagjöfin fer fram.

Undirbúðu barnið fyrir hið nýja með því að tala og útskýra hvernig innrennslið fer fram. Börn og unglingar eiga rétt á að hafa virka aðkomu að⁴ eigin meðferð. Barnið á einnig rétt á að fá upplýsingar á aldurshæfan hátt⁵. Með stuðningi frá foreldrum og fjölskyldu öðlast barnið öryggi og getur lifað eðlilegu lífi þrátt fyrir að þurfa reglulega lyfjagjöf.

Hlustaðu vel á allar spurningar sem barnið kann að hafa. Það er gott að skapa rólegt og notalegt umhverfi við lyfjagjöfina og hvetja barnið til að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd hennar.

Ef barnið þarf sérstakan stuðning getum við vísað á leikmeðferðaraðila hjá sjúkrahúsinu til að fá frekari ráðgjöf. Slíkir fagaðilar hafa mikla reynslu í að vinna úr reynslu og þörfum barna og unglinga sem þurfa að fá lyfjameðferð.

Heimild 3: Norrænir staðlar nr 1. www.NOBAB.se

Ref 4: Norrænir staðlar nr 5. www.NOBAB.se

Ref 5: Norrænir staðlar nr. 4. www.NOBAB.se
(skoðað 20. febrúar 2018)

Lestu meira um réttindi og þarfir barna og ungmenna hvað varðar heilbrigðisþjónustu hér:
www.nobab.se

Gott að vita um SO♥CONNECT+



Þér eða barninu þínu hefur verið ávísað lyfjameðferð með SO♥CONNECT+ lyfjadælu. Á þessum síðum segjum við þér frá lyfjadælunni og mismunandi skrefum í meðferðinni. Þessar upplýsingar koma ekki í stað notkunarleiðbeininga eða fræðslu sem þú færð hjá heilbrigðisstarfsmönnum áður en meðferð hefst. Ef þú ert með spurningar er best að leita til læknisins þíns eða hjúkrunarfræðingsins.

DÆLAN

SO♥CONNECT+ er nett og handhæg lyfjadæla sem hentar bæði börnum og fullorðnum. Lyfjadælan er lítil og létt og gengur fyrir rafhlöðu. Starfsfólk sjúkrahússins stillir tíma lyfjagjafar og magn lyfsins sem á að gefa.

SO♥CONNECT+ er með innbyggt minni og viðvörðunavirkni. Þú veist nákvæmlega hvenær gefa á lyfið.

Á heimasíðunni okkar eru fræðslumyndbönd sem sýna hvernig á að nota SO♥CONNECT+ lyfjadælu : www.infucare.com

Skrifaðu hjá þér
allar spurningar sem
kunna að vakna fyrir
næstu heimsókn á
heilsugæslustöðina.

Ef tæknileg vandamál koma upp skaltu hafa samband við okkur hjá Nordic Infucare:
+46 8 601 24 40
info@infucare.se

NERIA™ GUARD



NERIA™ MULTI



NERIA™ INFUSIONSSET

Innrennslissett með einni eða fleiri greinum þarf til að sprauta lyfjum í fitu undir húð. Innrennslissett fást í mismunandi gerðum eftir þörfum hvers og eins. Hjúkrunarfræðingurinn þinn hjálpar þér að prófa og velja það innrennslissett sem hentar þér eða barninu þínu best.

GOTT RÁÐ!

Til að draga upp lyf á auðveldari hátt í SO♥FILL-sprautunni geturðu notað stimpilstöng sprautunnar. Það er gert með því að færa stimpilstöngina nokkrum sinnum upp og niður áður en lyfið er dregið upp í sprautuna.

ÞAÐ SEM ÞARF AÐ HAFNA Í HUGA VIÐ LYFJAMEDFERÐ Í HEIMAHÚSI


HREINLÆTI

Þvoðu hendurnar vel og finndu þér hreinan yfirborðsflöt til að athafna þig. Opnaðu umbúðirnar með lyfinu, sprautunni, innrennslissettinu og fylgihlutunum.



UNDIRBÚNINGUR


Dragðu lyfið upp í sprautuna, þ.e.a.s. fylltu slöngurnar af lyfi.



Veldu stungustaðinn.


ÖRYGGISATRÍÐI

Þegar búið er að festa innrennslissettið þarft þú að ganga úr skugga um að nálin hafi ekki farið inn í æð.



1. Sogaðu með því að draga stimpilinn á sprautunni örlítið til baka. Athugaðu hvort það sést blóð í slöngunni, næst nálinni.

2. Losaðu síðan sprautuna frá innrennslissettinu í 10-15 sekúndur. Athugaðu aftur hvort það sést blóð í slöngunni, næst nálinni. Ef það kemur blóð hefur þú óvart stungið í æð. Dragðu nálina út, hentu henni og endurtaktu ferlið með nýju innrennslissetti og nýjum stungustað.



KVEIKT Á DÆLU

Ýttu á Kveikja/Slökkva hnappinn á neðri hliðinni aaf dælunni.

KLÁRAÐU OG FJARLÆGÐU NÁLARNAR

Dælan stöðvast sjálfkrafa þegar magnið er uppuríð. Þegar nálarnar eru fjarlægðar getur stundum blætt svolítið. Það er alveg eðlilegt og hættulaust. Settu plástur á stungustaðinn.

ATHUGIÐ:

Algengar spurningar

Hvað tekur lyfjagjöfin langan tíma?

SVAR: Lyfjagjöfin tekur mislangan tíma, allt eftir þeim lyfjaskammti sem er ávísað.

Á hvaða tíma dags má ég taka lyfið?

SVAR: Í flestum tilvikum getur þú sjálf(ur) valið þá tímasetningu sem hentar þér best. Sumar lyfjagjafir taka til dæmis 10 klukkustundir og hentar því vel að gefa þær yfir nótt.

Hvar á líkamanum er best að staðsetja innrennslisettið?

SVAR: Þú getur sett innrennslisettið á efri hluta rassinnar eða í fitu undir húð læris. Margir kjósa helst magasvæðið, því þar er oft talsvert fitulag undir húðinni og það er auðvelt að fylgjast með dælni meðan lyfjagjöfin stendur yfir.

Er hættulegt ef það myndast loftbólur í sprautunni og í innrennslisettinu?

SVAR: Nei, það er ekki hættulegt! Svona á að gera: losaðu loftið gætilega burt með því að „banka“ létt á sprautuna. Hjúkrunarfræðingurinn þinn getur sýnt þér hvernig þú losnar við nánast allar loftbólur. Það er hins vegar engin hætt á ferðum þó það fari örlítið loft inn í fitulagið undir húðinni.

Má ég fá lyfjagjöf ef ég er með hita?

SVAR: Það er mismunandi eftir því hvaða lyf á að taka. Hafðu samband við hjúkrunarfræðinginn eða lækinn til að fá að vita hvað á við um þitt lyf.

Hvenær geta börn sjálf byrjað að annast eigin lyfjagjöf?

SVAR: Það er mjög einstaklingsbundið, en snemma á unglingsárunum geta margir unglingar byrjað að sjá um meðferð sína að miklu leyti sjálf.

Hvað á að gera við notuð innrennslisett?

Í flestum apótekum er hægt að fá sérstök ílát sem eru ætluð fyrir oddhvassa hluti og nálar. Settu allar nálar og annað sem hægt er að stinga sig eða skera sig á í þannig ílát. Þegar ílátið er fullt er hægt að fara með það í næsta apótek.

Ég þarf að ferðast. Hvað þarf ég að hafa í huga?

Þú getur gefið þér lyfið meðan þú ert á ferðalagi, en þú þarft að hafa ákveðna hluti í huga. Vertu alltaf með lyfin þín, lyfjadæluna og innrennslisettið í handfarangri. Þú þarft að hafa læknisvottorð meðferðis til að komast gegnum öryggisskoðun með vökva og nálar. Slíkt vottorð þarftu að fá á sjúkrahúsinu með góðum fyrirvara.

SAMTÖK SJÚKLINGA

www.pio.nu

www.primaryimmune.org

www.blodcancerforbundet.se

STUTTUR ORÐALISTI

Meðferð

Lyfjagjöf og umönnun vegna sjúkdóma.

Hjálpartæki

Til dæmis lyfjadæla með fylgihlutum sem gera umönnun og meðferð heima fyrir

Innrennsli

til að sjá líkamanum stöðugt fyrir vökva eða lyfjum.

Innrennslisett

Slöngur og nálar notuð í innrennslismeðferð.

Lyfjaávísun

Fyrirmæli læknis um meðferð í kjölfar sjúkdómsgreiningar.

Lofttæming

Að fylla slöngusettið með lyfi á vökvaformi.

Lyfjagjöf undir húð

Lyf gefið undir húðina (í fitulagið undir húðinni).

Ráðgjöf fyrir sjúklinga

Anna Gille

hjúkrunarfræðingur, meðferð sýkinga

Háskólasjúkrahúsið á Skáni, Lundi

Anna Isaksson

barnahjúkrunarfræðingur

Barnaspítalinn

Háskólasjúkrahúsið á Skáni, Lundi

Ráðgjöf fyrir sjúklinga

Christian Pedersen

samtök sjúklinga með krabbamein í blóði

Anneli Larsson

PIO – samtök sjúklinga með ónæmisbælandi sjúkdóma

Með lækningatækjum, lyfjum og þekkingu Nordic Infucare getur þú eða barnið þitt annast eigin meðferð í heimahúsi. Starfsfólkið okkar býr að langri reynslu á öllum sviðum lyfjagjafar undir húð. Nordic Infucare leggur áherslu á langvinna og sjaldgæfa sjúkdóma eins og ónæmisbrest, blóðleysi sem krefst blóðgjafar, sykursýki, Parkinsonsveiki, lungnaslagæðaháþrýsting (PAH), verki og öndunarhjálp.

Tengiliður:

Deild:

Símanúmer:



Dreifingaraðili • www.infucare.com

Nordic Infucare • Box 14026 • 167 14 BROMMA • SWEDEN
Tfn: +46 8 601 24 40 • info@infucare.se

Framleiðandi SO CONNECT+:
France Développement Électronique
46 rue du Zornhoff, 67700 Monswiller, FRANCE

FRAMLEIÐANDI neria™:
Unomedical A/S – A Convatec Company,
Aaholmvej 1-3, Østed, 4320 Lejre, DENMARK